

GJALDSKRÁ

Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarrar gjaldskyldrar starfsemi.

Matvælaeftirlit.

1. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa og fer um innheimtu samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð og falla undir opinbert eftirlit heilbrigðisnefnda fer samkvæmt áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi Matvæla- stofnunar. Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki hafa verið áhættuflokkuð nemur fastri fjárhæð í samræmi við þá eftirlitskyldu starfsemi sem fram kemur í viðauka með gjaldskrá þessari. Greiða skal fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

Hollustuhættir og mengunarvarnir.

3. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt 11. og 12. gr. ásamt viðauka við gjaldskrá þessa.

4. gr.

Tóbaksvarnir.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem heilbrigðisnefnd ber að hafa eftirlit með, sbr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002, ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum, sem leyfi hafa til að selja tóbak í smásölu, að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt 11. og 12. gr. ásamt viðauka við gjaldskrá þessa.

5. gr.

Um meðhöndlun úrgangs.

Vegna eftirlits, sbr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, og eftirlits með atvinnurekstri sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga, er heimilt að innheimta gjald samkvæmt 9. og 10. gr. gjaldskrár þessarar.

6. gr.

| | |
|---|------------|
| Tímagjald | kr. 13.800 |
| Gjald vegna rannsóknar á neysluvatnssýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 22.000 |
| Sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun vegna mælinga örvera og einfaldræðisfræðilegra mælinga | kr. 13.500 |

Gjald fyrir sýni sem tekin eru skv. samningum eða að ósk einstaklinga eða fyrirtækja er kr. 13.500 að lágmarki, en sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknastofu hærri skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35% umsýslugjaldi. Einnig skal innheimta akstursgjald og vinnutíma skv. tímagjaldi ef ekki er unnt að samnýta ferðir og vinnu vegna sýnatökunnar.

7. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi sbr. 1., 2., og 3. gr. gjaldskrár þessarar er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi eins og hér segir:

| | |
|---|--------------------------|
| Endurútgáfa eða endurnýjun leyfis: auk auglýsingakostnaðar ef við á. | eitt og hálf títímagjald |
|---|--------------------------|

Nýtt leyfi: tvöfalt tímagjald
auk eftirlitsgjalds og auglýsingakostnaðar ef við á.

Önnur leyfi:
Leyfisgjald tvöfalt tímagjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,
ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

Gjalddagi er við móttöku umsóknar eða útgáfu reiknings og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir gjalddaga.

8. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum skal greiða tvöfalt tímagjald.

9. gr.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og/eða sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning.

10. gr.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli og XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða. Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt. Útlagður kostnaður er þá greiddur til bráðabirgða af heilbrigðisnefnd, þar sem hún fer með eftirlit.

Útlagður kostnaður af framkvæmd, vegna vinnu eftirlits við framkvæmd og við innheimtu kostnaðar innheimtist hjá viðkomandi.

11. gr.

Um álagningu og innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu árlegra eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, matvælaeftirlit, tóbakseftirlit og aukin eftirlitsverkefni. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

12. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. júní og eindagi 1. júlí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

13. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna viðeigandi starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, þá í þeim flokki sem hæstur er ef aukning umfangs í eftirliti er óveruleg.

14. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

15. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 20. febrúar 2017, bæjarstjórn Vesturbyggðar 22. febrúar 2017, bæjarstjórn Bolungarvíkur þann 21. febrúar 2017. Gjaldskráin hefur verið kynnt í öðrum sveitarfélögum á svæðinu, með vísun til ákvæða 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um

meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Gjaldskráin staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 280/2015 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, með síðari breytingum.

Bolungarvík, 25. apríl 2017.

F.h. heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis,

Anton Helgason framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI
með gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis vegna leyfisveitinga,
eftirlits og annarra gjaldskyldra starfsemi.

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Fjöldi sýna pr.fyrirtæki pr. ár | Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki, kr. |
|---|-------|---------------------------------------|--|
| Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru. | 0,5 | | 29.325 |
| Aðrar skólphreinsistöðvar | 1 | 0 | 34.500 |
| Akstur flutningabíla | 1 | | 55.200 |
| Alifuglarækt < 40.000 stæði | 1 | | 72.450 |
| Alifuglarækt > 40.000 stæði | 2 | | 144.900 |
| Almenningssalerni | 0,5 | | 17.250 |
| Apótek | 0,5 | | 32.775 |
| Apótek, útibú frá apóteki með starfsleyfi á Vestfjörðum | 0,25 | | 12.075 |
| Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest | 0,5 | | 24.150 |
| Áfengis meðferð | 0,25 | | 12.938 |
| Áfengisverslun | 0,5 | | 20.700 |
| Áhaldahús sveitarfélags | 0,5 | | 29.325 |
| Áhættu- og umfangslitil matvælaframleiðsla | 1 | | 37.950 |
| Baðhús | 0,5 | 1 | 35.925 |
| Bakarí, lítið | 1 | | 69.000 |
| Bakarí, miðlungs | 1 | 1 | 96.300 |
| Bakarí, stórt | 2 | 1 | 206.700 |
| Bensínstöðvar án matvæla | 1 | | 48.300 |
| Bensínstöðvar með matvöru | 1 | | 110.400 |
| Bensínstöðvar með veitingasölu | 1 | 1 | 151.500 |
| Bensínstöðvar, sjálfvirkar | 1 | | 41.400 |
| Bið- og endastöðvar strætisvagna | 0,25 | | 8.625 |
| Biðstöðvar leigubifreiða | 0,25 | | 8.625 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið | 0,5 | | 32.775 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs | 0,5 | | 36.225 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt | 0,5 | | 39.675 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið | 0,5 | | 22.425 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 0,5 | | 25.875 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 0,5 | | 29.325 |
| Bifreiðaréttingar | 0,25 | | 11.213 |
| Bifreiðasprautun | 0,5 | | 36.225 |
| Bifreiðavara hlutaverslanir, lítið af efnavöru | 0,5 | | 32.775 |
| Bifreiðavara hlutaverslanir, mikið af efnavöru | 0,5 | | 53.475 |
| Bílapartasölur | 0,5 | | 37.950 |
| Bjórgerð | 1 | | 96.600 |
| Blikksmiði | 0,25 | | 10.350 |
| Blómaverslun | 0,5 | | 22.425 |
| Bón- og bílaþvottur, handvirk | 0,5 | | 17.250 |
| Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk | 0,5 | | 36.225 |
| Brauðstofur | 1 | | 75.900 |
| Brauðverksmiðjur | 1 | 2 | 130.500 |
| Brennur, endurvinnsla úrgangs | 0,5 | | 18.630 |
| Byggingavöruverslanir, litlar | 0,25 | | 26.738 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Fjöldi sýna pr.fyrirtæki pr. ár | Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki, kr. |
|--|-------|---------------------------------------|--|
| Byggingavörverslanir, stórar | 0,5 | | 81.075 |
| Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu | 0,5 | | 20.700 |
| Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 0,5 | | 27.600 |
| Dagmómmur með > 6 börn | 0,25 | | 11.213 |
| Dansskólar | 0,25 | | 11.213 |
| Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mótuneytis | 0,5 | | 37.950 |
| Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi | 1 | | 96.600 |
| Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi | 1 | 1 | 127.350 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mótuneytis | 0,5 | | 29.325 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi | 1 | | 79.350 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, stórt/með fullbúnu eldhúsi | 1 | 1 | 106.650 |
| Dýragarðar og umfangsmiklar dýrasýningar | 0,5 | | 31.050 |
| Dýragæsla | 0,25 | | 15.525 |
| Dýralæknastofur án röntgen | 0,25 | | 10.350 |
| Dýralæknastofur með röntgen | 0,5 | | 22.425 |
| Dýrasnyrtistofur | 0,25 | | 15.525 |
| Dýraspítalar | 0,5 | | 31.050 |
| Efnalaugar | 0,5 | | 25.875 |
| Endurhæfing | 0,5 | | 24.150 |
| Endurvinnsla úrgangs | 0,5 | | 37.950 |
| Fangageymsla | 0,5 | | 27.600 |
| Fangelsi, miðlungs | 1 | | 82.800 |
| Fangelsi, stórt | 1 | | 96.600 |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi | 1 | 1 | 92.850 |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi | 1 | | 65.550 |
| Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi | 0,5 | | 29.325 |
| Fiskbúðir án vinnslu, litlar | 1 | | 44.850 |
| Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs | 1 | | 51.750 |
| Fiskbúðir án vinnslu, stórar | 1 | 1 | 75.600 |
| Fiskbúðir með vinnslu, litlar | 1 | | 55.200 |
| Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs | 1 | 1 | 82.500 |
| Fiskbúðir með vinnslu, stórar | 1 | 1 | 89.400 |
| Fiskmarkaðir | 1 | | 48.300 |
| Fiskmjölsvinnsla | 3 | | 217.350 |
| Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla | 1 | | 75.900 |
| Fjallaskálar, heilsársnotkun | 0,25 | | 10.350 |
| Fjallaskálar, sumarnotkun | 0,25 | | 10.350 |
| Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu | 0,25 | | 6.038 |
| Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 0,5 | | 24.150 |
| Fótaaðgerðarstofur | 0,5 | | 22.425 |
| Framköllunarþjónusta, sérhæfð | 0,5 | | 27.600 |
| Framleiðsla plastvöru fyrir sjávarútveg | 0,5 | | 22.080 |
| Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 0,25 | | 11.213 |
| Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni | 1 | 2 | 109.800 |
| Framleiðsla á glerplötum | 0,25 | | 11.213 |
| Framleiðsla á iðnaðargasi | 2 | | 89.700 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Fjöldi sýna pr.fyrirtæki pr. ár | Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki, kr. |
|---|-------|---------------------------------------|--|
| Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju | 1 | 1 | 75.600 |
| Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h. | 0,25 | | 6.038 |
| Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag | 1 | | 62.100 |
| Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag | 2 | | 124.200 |
| Framleiðsla á umbúðaplasi | 0,25 | | 10.350 |
| Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | 1 | | 34.500 |
| Framleiðsla, átöppun neysluvatns | 1 | 0 | 27.600 |
| Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja | 1 | | 96.600 |
| Framleiðsla fiskeldisfóðurs | 0,25 | | 12.075 |
| Framleiðsla gleriláta | 0,25 | | 9.488 |
| Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil | 1 | | 82.800 |
| Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs | 1 | 1 | 110.100 |
| Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór | 2 | 1 | 268.800 |
| Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti | 1 | | 62.100 |
| Framleiðsla húsdýrafóðurs | 0,25 | | 12.075 |
| Framleiðsla mjólkurdufts | 1 | 1 | 110.100 |
| Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 0,25 | | 14.663 |
| Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa | 0,25 | | 11.213 |
| Fráveitur sveitarfélaga | 1 | 3 | 102.600 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mótuneytis | 0,5 | | 37.950 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi | 1 | 0 | 113.850 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi | 1 | | 96.600 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mótuneytis | 0,5 | | 37.950 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi | 1 | 1 | 127.350 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi | 1 | | 96.600 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu | 1 | 3 | 164.700 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mótuneytis | 0,5 | | 37.950 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi | 1 | 1 | 127.350 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi | 1 | | 96.600 |
| Fúavörn á viði | 0,25 | | 12.938 |
| Fyrirtæki sem geyma klórgas | 0,25 | | 3.450 |
| Garðaúðun | 0,5 | | 31.050 |
| Gasbirgðastöðvar með < 100 m ³ geymslurými (STP) | 1 | | 13.800 |
| Gasbirgðastöðvar með > 100 m ³ geymslurými (STP) | 1 | | 13.800 |
| Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni | 0,5 | | 29.325 |
| Gámastöð, stærri flokkun | 1 | | 58.650 |
| Gámavöllur, móttaka úrgangs | 0,5 | | 29.325 |
| Gistiheimili, lítil, færri en 10 gestir | 0,5 | | 27.600 |
| Gisting – heimagisting, færri en 10 einstaklingar | 0,25 | | 11.213 |
| Grunnskólar án mótuneytis | 0,5 | | 22.425 |
| Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi | 1 | 1 | 127.350 |
| Grunnskólar með móttökueldhúsi | 1 | | 96.600 |
| Gúmmívinnsla | 0,25 | | 11.213 |
| Gæludýraverslun | 0,25 | | 8.625 |
| Gæsluvellir | 0,5 | | 32.775 |
| Gæsluvellir og opin leiksvæði | 1 | | 65.550 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Fjöldi sýna pr.fyrirtæki pr. ár | Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki, kr. |
|---|-------|---------------------------------------|--|
| Harðfiskverkun | 0,25 | | 12.938 |
| Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 0,5 | | 25.875 |
| Hárgreiðslustofur | 0,5 | | 22.425 |
| Heildverslun með hreingerningarefni | 1 | | 162.150 |
| Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil | 1 | | 55.200 |
| Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs | 1 | | 69.000 |
| Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór | 1 | 1 | 103.200 |
| Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni | 0,5 | | 67.275 |
| Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru | 1 | | 162.150 |
| Heildverslun með snyrtivöru | 1 | | 162.150 |
| Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti | 1 | | 75.900 |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil | 1 | | 55.200 |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs | 1 | | 69.000 |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór | 1 | 1 | 96.300 |
| Heilsugæslustöðvar | 0,25 | | 12.938 |
| Heimili fyrir börn og unglinga | 0,25 | | 11.213 |
| Heitloftsþurrkun fiskafurða | 1 | | 44.850 |
| Hestahald, hestaleigur og reiðskólar | 0,25 | | 9.488 |
| Hótel með veitingasölu, lítið (10-50 gestir) | 1 | | 89.700 |
| Hótel með veitingasölu, miðlungs (50-100 gestir) | 1 | | 120.750 |
| Hótel með veitingasölu, stórt (> 100 gestir) | 1 | 1 | 165.300 |
| Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt | 0,5 | | 31.050 |
| Hreinlætisvöruverksmiðjur | 0,5 | | 53.475 |
| Hrognavinnsla lítil | 0,25 | | 11.903 |
| Hundahótel | 0,25 | | 9.488 |
| Húðflúrstofur | 1 | | 51.750 |
| Húðgötun | 1 | | 51.750 |
| Húsdýragarðar | 0,25 | | 11.213 |
| Húsgagnaiðnaður með lökkun | 0,5 | | 24.150 |
| Ísgerð | 2 | 4 | 261.000 |
| Ísstöðvar, ísframleiðsla | 0,5 | | 34.500 |
| Íþróttahús, lítil | 0,5 | | 25.875 |
| Íþróttahús, miðlungs | 0,5 | | 32.775 |
| Íþróttahús, stór | 0,5 | | 39.675 |
| Íþróttavellir | 0,25 | | 11.213 |
| Jarðboranir | 1 | | 37.260 |
| Járnvöruverslanir | 0,5 | | 53.475 |
| Kaldhreinsun lýsis | 0,5 | | 31.050 |
| Kanínurækt | 0,25 | | 9.488 |
| Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag | 1 | 1 | 75.600 |
| Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag | 2 | 1 | 137.700 |
| Kartöfluvinnsla - pökkun | 0,25 | | 10.350 |
| Kattahótel | 0,25 | | 9.488 |
| Kexverksmiðjur | 2 | 1 | 192.900 |
| Kirkjur | 0,25 | | 11.213 |
| Kirkjur með safnaðarheimili m/móttökueldhúsi | 0,5 | | 29.325 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Fjöldi sýna pr.fyrirtæki pr. ár | Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki, kr. |
|--|-------|---------------------------------------|--|
| Kirkjur/bænahús, lítil notkun > 6 x á ári | 0 | | - |
| Kírópraktor | 0,25 | | 11.213 |
| Kjötpökkunarstöð | 2 | 4 | 219.600 |
| Kjötvinnsla með reykingu, lítil | 1 | 2 | 109.800 |
| Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs | 2 | 4 | 274.800 |
| Kjötvinnsla með reykingu, stór | 3 | 8 | 459.900 |
| Kjötvinnsla, lítil | 1 | 2 | 82.200 |
| Kjötvinnsla, miðlungs | 2 | 4 | 219.600 |
| Kjötvinnsla, stór | 3 | 8 | 377.100 |
| Krár, kaffihús án matsölu, lítil starfsemi > 50 gestir | 0,5 | | 24.150 |
| Krár, kaffihús með matsölu | 1 | | 65.550 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil | 0,25 | | 12.075 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs | 1 | 1 | 82.500 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór | 1 | 1 | 103.200 |
| Kræklingaeldi | 0,25 | | 17.250 |
| Kvikmyndahús | 0,5 | | 32.775 |
| Kæli- og frystigeymslur | 1 | | 24.150 |
| Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði | 0,25 | | 19.838 |
| Kökugerð, lítil | 1 | | 41.400 |
| Kökugerð, miðlungs | 1 | 1 | 72.150 |
| Kökugerð, stór | 1 | 1 | 79.050 |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttar lítil | 1 | 1 | 75.600 |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttar, miðlungs | 1 | 0 | 82.800 |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttar, stór | 1 | 0 | 96.600 |
| Land- og kvíaeldi | 0,5 | | 34.500 |
| Lauksteikingarverksmiðjur | 1 | | 62.100 |
| Leðurvinnsla | 0,25 | | 9.488 |
| Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 0,25 | | 11.213 |
| Leikhús með fullbúnu eldhúsi | 1 | | 79.350 |
| Leikhús með móttökueldhúsi | 0,5 | | 32.775 |
| Leikskólar með fullbúnu eldhúsi | 1 | 0 | 86.250 |
| Leikskólar með móttökueldhúsi | 1 | | 69.000 |
| Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 m ³ | 0,25 | | 12.075 |
| Litun og bleiking < 10 tonn á dag | 1 | | 44.850 |
| Líkamsræktarstöðvar, litlar | 0,5 | | 22.425 |
| Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum | 1 | 1 | 58.350 |
| Líkamsræktarstöðvar, miðlungs | 1 | | 51.750 |
| Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum | 1 | 1 | 65.250 |
| Líkamsræktarstöðvar, stórar | 1 | | 55.200 |
| Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum | 1 | 1 | 68.700 |
| Líkbrennslur | 0,25 | | 11.213 |
| Ljósmyndastofur með framköllun | 0,5 | | 24.150 |
| Loðdýrabú | 1 | | 69.000 |
| Lyfjagerð | 0,25 | | 26.738 |
| Læknahús með aðgerðarstofum | 0,25 | | 11.213 |
| Læknastofur | 0,25 | | 11.213 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Fjöldi sýna pr.fyrirtæki pr. ár | Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki, kr. |
|---|-------|---------------------------------------|--|
| Malar- og sandnám; vikurnám | 0,25 | | 14.663 |
| Markaðir | 1 | | 103.500 |
| Matsölustaðir, litlir (17-50 gestir) | 1 | | 65.550 |
| Matsölustaðir, miðlungs (51-100 gestir) | 1 | 1 | 110.100 |
| Matsölustaðir, stórir (> 100 gestir) | 1 | 1 | 123.900 |
| Matsöluvagnar | 1 | | 58.650 |
| Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 1 | | 55.200 |
| Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 1 | 1 | 96.300 |
| Matvöruverslun án vinnslu, stór | 1 | 1 | 123.900 |
| Matvöruverslun með vinnslu, lítil | 1 | 1 | 85.950 |
| Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs (t.d. kjötsögun, grillun á kjúklingum) | 1 | 2 | 140.850 |
| Matvöruverslun með vinnslu, stór | 1 | 3 | 181.950 |
| Málmsteypa < 20 tonn á dag | 0,5 | | 41.400 |
| Málningar- og veggfóðurverslun | 0,5 | | 53.475 |
| Málningarverksmiðjur | 1 | | 182.850 |
| Málningarvöruverslanir | 0,25 | | 26.738 |
| Meðferð og húðun málma | 0,5 | | 29.325 |
| Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag | 0,25 | | 3.450 |
| Meindýravarnir | 0,5 | | 31.050 |
| Mjólkurbú | 1 | 4 | 157.500 |
| Mjólkurbú og ostagerð | 3 | 6 | 443.250 |
| Mjólkurbú og ostagerð eingöngu umhverfiseftirlit | 0,5 | 1 | 41.100 |
| Mjölvinnsla úr sjávarafurðum | 1 | | 58.650 |
| Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 0,5 | | 24.150 |
| Móttaka bifreiða til endurvinnslu | 1 | | 58.650 |
| Móttaka brotamálms | 2 | | 200.100 |
| Mörbræðsla og tólgarframleiðsla | 1 | | 62.100 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið (allt að 50 gestir) | 1 | | 69.000 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-100 gestir) | 1 | | 82.800 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (> 100 gestir) | 1 | 1 | 117.000 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið (allt að 50 gestir) | 1 | | 48.300 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs (51-100 gestir) | 1 | | 65.550 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt (> 100 gestir) | 1 | | 79.350 |
| Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu | 1 | | 58.650 |
| Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar | 0,25 | | 14.663 |
| Náttúruleg í flokki 1 | 1 | 0 | 47.610 |
| Náttúruleg í flokki 2 | 1 | 0 | 47.610 |
| Niðurrif bifreiða | 1 | | 55.200 |
| Nuddstofur | 0,25 | | 11.213 |
| Offsett- og hæðarprentun | 1 | | 58.650 |
| Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 1 | | 110.400 |
| Ostagerð | 2 | 2 | 234.000 |
| Pappírsvöru- og pappakassafremleiðsla | 0,25 | | 11.213 |
| Plastiðnaður | 0,5 | | 25.875 |
| Prentiðnaður með framköllun | 0,5 | | 34.500 |
| Prentiðnaður, lítill | 0,5 | | 27.600 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Fjöldi sýna pr.fyrirtæki pr. ár | Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki, kr. |
|---|-------|---------------------------------------|--|
| Prentiðnaður, miðlungs | 0,5 | | 34.500 |
| Prentiðnaður, stór | 1 | | 100.050 |
| Prentsmíð | 0,5 | | 29.325 |
| Prentun dagblaða | 1 | | 110.400 |
| Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði | 0,25 | | 13.800 |
| Rafvéla verkstæði | 0,25 | | 11.213 |
| Rannsóknarstofur í læknisfræði | 0,25 | | 11.213 |
| Ryðvarnarverkstæði | 0,5 | | 55.200 |
| Röntgenstofur | 0,5 | | 22.425 |
| Sala á tilbúnum mat, lítil | 1 | | 55.200 |
| Sala á tilbúnum mat, miðlungs | 1 | 1 | 82.500 |
| Sala á tilbúnum mat, stór | 1 | 1 | 110.100 |
| Sala eiturefna | 1 | | 134.550 |
| Salatgerð | 1 | 2 | 96.000 |
| Saltfiskverkun | 0,5 | | 22.425 |
| Saltvinnsla | 1 | | 58.650 |
| Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppvottur | 0,25 | | 11.213 |
| Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi | 1 | | 79.350 |
| Samkomusalir með móttökueldhúsi | 0,5 | | 32.775 |
| Sáldprentun | 1 | | 58.650 |
| Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi | 0,25 | | 15.525 |
| Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn | 0,5 | | 31.050 |
| Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn | 1 | | 69.000 |
| Seyrugryfjur, endurvinnsla | 0,5 | | 18.630 |
| Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu | 0,5 | | 37.950 |
| Sjúkraþjálfun | 0,25 | | 11.213 |
| Skemmtistaðir án matsölu | 0,5 | | 22.425 |
| Skemmtistaðir með matsölu | 1 | | 62.100 |
| Skíðaskálar, skíðasvæði | 0,25 | | 14.663 |
| Skotvelli | 0,25 | | 11.213 |
| Skólpheinsistöðvar > 10.000 þe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 þe | 1 | 10 | 169.500 |
| Skrúfuframleiðsla | 0,25 | | 10.350 |
| Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 0,25 | | 3.450 |
| Skyndibitastaðir, litlir (allt að 50 gestir) | 1 | 1 | 75.600 |
| Skyndibitastaðir, miðlungs (allt að 51-100 gestir) | 1 | 1 | 103.200 |
| Skyndibitastaðir, stórir (> 100 gestir) | 1 | 1 | 110.100 |
| Sláturhús < 50 t/dag | 1 | | 89.700 |
| Sláturhús > 50 t/dag | 2 | | 179.400 |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu | 1 | | 44.850 |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu | 1 | 1 | 82.500 |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu | 1 | 1 | 89.400 |
| Smásala á innþökkuðu sælgæti o.þ.h. | 0,5 | | 20.700 |
| Smásala efna í flokkum X, A og B | 0,5 | | 53.475 |
| Smásala með notaða muni í verslunum | 0,5 | | 53.475 |
| Smjörlikisgerð | 1 | 1 | 75.600 |
| Smurstöðvar | 0,5 | | 25.875 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Fjöldi sýna pr.fyrirtæki pr. ár | Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki, kr. |
|--|-------|---------------------------------------|--|
| Snyrtistofur | 0,25 | | 11.213 |
| Snyrtivöruframleiðsla | 0,25 | | 26.738 |
| Snyrtivöruverslun | 0,25 | | 16.388 |
| Sorpeyðingarstöð, sorphaugar | 6 | | 331.200 |
| Sorpf lutningar og sorphirða | 0,25 | | 16.388 |
| Sólbaðstofur án heitra potta | 0,25 | | 11.213 |
| Sólbaðstofur með heitum pottum | 1 | 1 | 61.800 |
| Spennaviðgerðir | 1 | | 62.100 |
| Spennistöðvar | 0,25 | | 18.975 |
| Starfsmannabúðir 17-50 manns, tímabundin starfsemi | 1 | | 89.700 |
| Starfsmannabúðir < 16 manns | 0,5 | | 37.950 |
| Starfsmannabúðir 101-500 manns, tímabundin starfsemi | 1 | | 110.400 |
| Starfsmannabúðir 501-1.000 manns, tímabundin starfsemi | 1 | | 124.200 |
| Starfsmannabúðir, 51-100 manns, tímabundin starfsemi | 1 | | 103.500 |
| Stálsmiði og stálskipagerð | 0,5 | | 55.200 |
| Steinmölun og framleiðsla á ofaníbúrdi og fyllingarefnum | 0,25 | | 13.800 |
| Steinsmiði | 0,25 | | 9.488 |
| Stórmarkaðir > 400 m ² , án matvælavinnslu | 1 | 2 | 234.000 |
| Stórmarkaðir > 400 m ² , með matvælavinnslu | 1 | 3 | 261.300 |
| Sultu- og ávaxtagrautargerð | 1 | 2 | 96.000 |
| Sundstaðir, litlir | 1 | 2 | 78.750 |
| Sundstaðir, miðlungs (eða litlir samtengdir íþróttahúsum) | 2 | 4 | 171.300 |
| Sundstaðir, stórir | 3 | 5 | 264.150 |
| Súkkulaði- og sælgætisgerð | 1 | 1 | 106.650 |
| Súkkulaði- og sælgætisgerð, lítil | 1 | 0 | 27.600 |
| Svínarækt < 2.000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 1 | | 82.800 |
| Svínarækt > 2.000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 1 | | 110.400 |
| Sögunarmyllur | 0,25 | | 3.450 |
| Söluturnar án óvarinna matvæla | 1 | | 31.050 |
| Söluturnar með óvarin matvæli, litlir | 1 | | 41.400 |
| Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs | 1 | 0 | 69.000 |
| Söluturnar með óvarin matvæli, stórir | 1 | 1 | 96.300 |
| Tannlæknastofur | 0,25 | | 11.213 |
| Tannsmíðar | 0,5 | | 17.250 |
| Te- og kaffi framleiðsla | 1 | | 37.950 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið | 0,5 | | 20.700 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs | 0,5 | | 24.150 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt | 0,5 | | 27.600 |
| Tóbakssala | 1 | 0 | 37.260 |
| Tónlistarskólar | 0,25 | | 12.075 |
| Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 0,5 | | 24.150 |
| Trésmíðaverkstæði með lökkun | 0,5 | | 27.600 |
| Ullarþvottastöðvar | 1 | | 65.550 |
| Umboðsverslun með fisk | 1 | | 48.300 |
| Varaflsstöðvar með olíubirgðir < 1.600 l | 0,5 | 0 | 39.330 |
| Varaflsstöðvar með olíubirgðir > 1.600 l | 1 | 0 | 69.660 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Fjöldi sýna pr.fyrirtæki pr. ár | Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki, kr. |
|---|-------|---------------------------------------|--|
| Varahlutaverslanir, ekki bíla | 0,5 | | 53.475 |
| Vatnsveitur < 1.000 íbúa | 4 | 4 | 253.600 |
| Vatnsveitur 1.001-5.000 íbúa | 12 | 12 | 760.800 |
| Vatnsveitur, einka | 1 | 0,5 | 48.150 |
| Vefnaðar- og spunaverksmiðjur | 0,25 | | 12.938 |
| Véla- og tækjasölur | 0,5 | | 53.475 |
| Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði | 0,5 | | 22.425 |
| Viðgerðaraðstaða eigin véla | 0,5 | | 22.770 |
| Viðhald og niðurrif skipa | 1 | | 55.200 |
| Vinnsla á ferskum fiski, lítil | 0,5 | | 27.600 |
| Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs | 1 | | 69.000 |
| Vinnsla á ferskum fiski, stór | 1 | | 110.400 |
| Vinnsla með plast- og frauðefni | 0,25 | | 11.213 |
| Vistheimili | 0,5 | | 25.875 |
| Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur. | 0,25 | | 10.350 |
| Vöruflutningamiðstöðvar | 1 | | 82.800 |
| Vörugeymslur, litlar | 1 | | 48.300 |
| Vörugeymslur, miðlungs | 1 | | 69.000 |
| Vörugeymslur, stórar | 1 | | 82.800 |
| Yogastofur, heilun o.fl. | 0,25 | | 11.213 |
| Þjódgarðar með tjaldstæðum og þjónustuhúsi m/veitingum | 1 | 1 | 123.900 |
| Þvottahús | 0,25 | | 11.213 |
| Þvottahús og efnalaugar | 0,5 | | 25.875 |
| Æfingasvæði slökkviliðs | 0,25 | | 11.213 |
| Ökuskólar, flugskólar o.fl. | 0,25 | | 12.075 |
| Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla | 0,25 | | 12.075 |
| Önnur ótalin fiskvinnsla | 0,5 | | 20.700 |
| Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérvæslunum | 1 | 1 | 82.500 |
| Önnur þjónusta við flutninga í lofti - vöruafgreiðsla | 0,25 | | 20.700 |